

Lög

um breytingu á lögum nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. 1. másl. 2. mgr. orðast svo: Eigendur skipa skulu greiða 424 kr. fyrir hvert þorskígildis-tonn úthlutaðs eða landaðs afla, sbr. 3. mgr.
- b. 1. másl. 3. mgr. orðast svo: Þegar um er að ræða tegundir sem úthlutað er til einstakra skipa á grundvelli hlutdeilda skal gjaldið miðast við hlutdeildir viðkomandi skips í þeim tegundum og úthlutað heildaraflamark þegar gjaldið er lagt á, en miðist úthlutun ekki við hlutdeild skal miða gjaldið við úthlutað aflamagn.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. Í stað tölunnar „14.200“ í 3. mgr. kemur: 16.500.
- b. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður sem orðast svo: Sama gildir sé veiðieftirlitsmaður Fiskistofu um borð í fiskiskipi á kostnað útgerðar samkvæmt sérstakri heimild í lögum.
- c. Í stað tölunnar „15.000“ í 1. másl. 4. mgr. kemur: 19.500.

3. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 29. nóvember 2000.